


NÆR MYND



Hann er sagður harður í horn að taka í viðskiptum og verkin sýna merkin í því efni. Það er líka haft eftir ónafngreindum verkalyðsleiðtoga að hann hafi bætt hag lágláunafólksins í landinu meir en nokkur annar maður. Allir þekkja verslanirnar hans en fáir manninn sjálfan. Sú saga er sögð til marks um það hve lítt áberandi hann er í þjóðlífinu, að eitt sinn hafi hann setið „heitan“ samningafund með fulltrúum bóksala og hafi nokkrir blaðamenn beðið utan dyra eftir að fundi lyki. Þá kemur maður út af fundinum og nærstaddur blaðamaður spyr hvort hann Pálmi í Hagkaupum sé ekki enn inni á fundinum. — Jú, það sýnist mér svaraði maðurinn og hélt áfram út. Enginn viðstaddra blaðamanna þekkti hann. Samt var þetta einn umsvífamesti athafnamaður landsins á síðustu árum. Pálmi Jónsson kaupmaður í Hagkaupum. Hann er í Nærmynd Helgarpóstsins í dag.

1.200 manns á klukkustund

Það er ekki auðvelt að gera sér glögga grein fyrir umsvifum Pálma Jónssonar, svo mikið hefur hann umleikis. Veldi hans stendur mörgum fótum og teygir sig víða um land, þótt þungamiðjan sé hér í höfuðborginni, nánar tiltekið í Skeifunni 15. Þar rekur Pálmi — raunar í leiguhúsnæði sem Valfellsættin á — stærsta stórmarkað landsins. Þar er höndlað á 6 þúsund fermetrum með alls konar varning, en mest þó matvöru og fót. Samkvæmt könnun sem gerð var árið 1981 á aðsókn að sex stórverslunum í Reykjavík sækja næstum helmingi fleiri í Hagkaup en í þá verslunarmiðstöð sem næst er í röðinni (Glæsibær). Á mesta annatímanum koma um 1200 manns á hverri klukkustund í Hagkaup. Þriðji hver viðskiptavinur býr utan höfuðborgarsvæðisins.

Auk þess rekur Pálmi tvær minni verslanir í Reykjavík, aðra í Lækjargötu og hina í Kjörgarði við Laugaveg. Á Akureyri rekur hann stórmarkað og um síðustu helgu var nýjasta útibú Hagkaupa opnað í Njarðvíkum. Til þess að þjóna þessum verslunum rekur hann kjötvinnslu í Kópavogi, saumastofu við Höfðabakka og við Smiðjuveg stendur reisulegt hús sem hefur að geyma smiðastofu og húsgagnalager, en Hagkaup hafa umboð fyrir stærstu húsgagnafyrirtæki Norðurlanda, IKEA.

Þetta er það sem tengist nafni Hagkaupa, en Pálmi hefur fleiri járn í eldinum, eflaust fleiri en okkur er kunnugt um. Fyrir allmörgum árum lagði hann mikla fjármuni og vinnu í að koma upp sútunarstöð og skinnaverksmiðju á Sauðárkróki undir nafninu Lóðskinn hf. Á hann enn stóran hlut í því fyrirtæki, en forstöðu fyrir því hefur systursonur hans, Jón Ásbergsson. Þá tók Pálmi þátt í því fyrir tæpum áratug að reisa við

Kaupfélagið Höfn á Selfossi sem var á hausnum. Það heitir nú Höfn hf. og rekur verslun, sláturhús, kjötvinnslu ofl.

Og Pálmi er síður en svo af baki dottinn. Hann hugsar stórt í dag eins og áður. Um þessar mundir er hann á höttunum eftir húsnæði undir verslunina á Ísafirði og eins og fram kom í síðasta Helgarpósti hefur hann sótt um að byggja geysilegt stórhúsi í nýja miðbænum í Kringlumýri. Það á að vera 30 þúsund fermetrar eða fimm sinnum stærra en núverandi stórmarkaður í Skeifunni. Að vísu verður aðeins hluti hússins lagður undir verslun.

Fram á mitt ár 1980 rak Pálmi Hagkaup sem einkafyrirtæki sitt en þá var því breytt í hlutafélag. Hlutirnir virðast þó ekki dreifast mikið út fyrir fjölskylduna því í stjórn hlutafélagsins eru, auk Pálma, kona hans, Jónína Gísladóttir, og tveir synir, Jón og Sigurður Gísl.

Hæfileikar til umsvifa

Þótt veldi Pálma sé sterkt í Reykjavík er hann ættaður norðan úr Skagafirði. Hann fæddist á Hofi á Höfðaströnd 3. júní árið 1923 og varð því sextugur fyrir rúmum mánuði. Foreldrar hans voru Sigurlína Björnsdóttir og Jón Jónsson. Jón á Hofi var mikill bústólpi og átti m.a. allt það land sem þorpið Hofsóss stendur á. Hann var oddviti á Höfðaströnd og framamaður í ýmsum félags- og framfaramálum. Um langt skeið var Jón stjórnarformaður í Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga og „mikill fram-sóknarhetja í héraði eins og einn viðmælenda okkar orðaði það.

Pálmi á aðeins eitt systkini, tvíburasystur-

ina Sólveigu sem gift er Ásberg Sigurðssyni fyrrverandi sýslumanni. Það var þó ætíð margt í heimili að Hofi. „Það var alltaf mikið af skyldfólki okkar á bænum en einnig vinnufólk og ýmsir sem áttu sér hvergi at-hvarf“, segir Sólveig systir Pálma. Meðal heimilismanna var Andrés Björnsson út-varpsstjóri, en hann er móðurbróðir Pálma.

Það kom fram í máli allra sem þekkja til Pálma að hann sé ákaflega framsýnn maður og hugsandi. Að sögn Sólveigar kom þetta snemma í ljós. „Á uppvaxtarárum okkar var tækniþróunin ekki komin langt, en Pálmi var alltaf að koma heim með einhverja nýja hluti, vélar oph. Hann hafði mikla hæfileika til umsvifa“, sagði Sólveig.

Magnús H. Gíslason blaðamaður og áður bóndi á Frostastöðum í Skagafirði kynntist Pálma nokkuð í æsku. „Faðir hans var mikill pólitíkus og kunningi föður míns. Pálmi var ekki mjög pólitískur, þó gekk hann í félag ungra framsóknarmanna í sveitinni um skeið en tók lítinn þátt í starfi þess sem og öðru félagslífi. Það var þrýðilegt að tala við Pálma í fámenni og þá gat hann verið kátur. En í fjölmenni hafði hann tilhneigingu til að einangra sig. Það held ég að hann hafi haft úr föðurætt sinni eins og fleira. Í þeirri ætt gætti mikils áhuga á viðskiptum- og því að vera öðrum óháðir efnahagslega. Þetta voru miklir hestamenn og að Pálma standa ýmsir góðir hagyrðingar í báðar ættir. Ég held að það hafi snemma kviknað með honum áhugi á að komast vel áfram efnahagslega. En eins og ég segi, það fór alltaf vel á með okkur Pálma“, sagði Magnús.

Að skyldunámi loknu var Pálmi einn vetur í gagnfræðaskóla í Reykholti en fór svo til Reykjavíkur þar sem hann settist í Menntaskólann í Reykjavík. Þaðan tók hann stúdentspróf árið 1942. Meðal bekkjarsélaganna hans voru Jónas Árnason rithöfundur, Viggó E. Maack skipaverkfræðingur, Kjartan Guðjónsson listmálari og Sigurður Baldursson lögfræðingur.

Þegar blaðið snéri sig til þess síðast-nefnda kom í ljós ákveðin lyndiseiknunn sem margir samferðamenn Pálma höfðu orð. á. „Ég þekkti hann lítið í skóla“, sagði Sigurður. „Við vorum ekki í sömu klikku og hann tók lítinn þátt í félagslífinu. Hann hefur aldrei mætt á stúdentsafmæli sem við höfum haldið upp á.“

Að stúdentsprófi loknu lá leiðin í Háskóla Íslands en þaðan útskrifaðist Pálmi sem lögfræðingur árið 1951. Hann starfaði þó aldrei sem lögmaður, en fór strax að vasast í ýmsum viðskiptum og kaupmennsku. Um miðjan sjötta áratuginn setti hann á fót sjöppu í Austurstræti sem nefndist Ísborg og margir kannast við. Í tengslum við Ísborg ráku hann og félagar hans — einn þeirra var Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra — ísgerð í gamla Geirfjósínu við Eskihlíð. Það var svo einmitt í því húsi sem Hagkaupsævintýrið hófst í kringum 1960, en þá setti Pálmi á stofn póstverslun þarna við Miklartorgið.

Hlédrægur en snjall í viðskiptum

Þótt Pálmi sé umsvifamikill maður í þjóðlífinu — sumir halda því fram að hann sé ríkasti maður landsins — þá er hann um margt hálfgerður huldumaður. Hann hefur sig lítið í frammi opinberlega, berst lítið á. Enda reyndist það ekki auðvelt verk að fá menn til að gefa honum einkunnir. „Ég þekki manninn ekkert“, var algengt svar, m.a.s. frá mönnum sem verið höfðu samtíða honum í skóla eða átt við hann umtalsverð viðskipti. En þeir sem vildu tjá sig báru honum undantekningarlaust vel söguna.

„Pálmi er ekki allra, hann er ekki opin gagnvart okkum“, sagði einn sem ná-kunnugur er Pálma. „Hann er hlutlaus gagnvart öðrum, en hlýr þeim sem þekkja hann“, sagði gamall sveitungi hans og skóla-bróðir úr lagadeildinni. Annar gamall kunningi Pálma gaf honum þessa einkunn: „Hann er líklega oft fámáll við okkum, en þeim mun viðræðubetri við kunnuga og þá oft bráðfyndinn. Að jafnaði er hann mjög hófsamur í framgöngu og lífsháttum og laus við alla syndarmennsku.“

Guðni Guðmundsson rektor Menntaskólans í Reykjavík er á svipuðu reki og Pálmi og hefur kynnst honum nokkuð. „Hann er hlédrægur og afskiptalítill maður. Það fór lítið fyrir honum í skóla, en hann var góður námsmaður, enda frændi Pálma Hannessonar fyrrverandi rektors. Hann er hugsandi maður og veltir fyrir sér fjölda mála.“

Allir viðmælendur blaðsins voru sam-mála um hæfileika Pálma á sviði viðskipta. „Hann er fæddur kaupmaður í bestu merkingu þess orðs“, sagði einn kunningi hans. Annar kunningi Pálma sem hefur átt sam-starf við hann í ýmsum málum sagði: „Hann er snjall bismismaður, ákveðinn í viðskiptum og vakandi og þorir að fara inn á nýjar brautir. Hann er snjall að láta menn vinna fyrir sig og láta öðrum eftir að bera á-byrgð á hlutunum. Þess vegna nær hann því besta út úr mönnum í samstarfi.“

Enn annar segir að hann sé snjall í viðskiptum, „en það sem gerir Pálma óvenju-legan meðal þeirra sem standa í viðskiptum á Íslandi er stjórnunarmáti hans. Hann ræður sér menn og borgar þeim vel fyrir að sinna daglegum rekstri fyrirtækisins. Hann skiptir sér lítið af smáatriðum í daglegum rekstri en fylgist þó vel með. Hann hefur, held ég, aldrei haft svo mikið sem skrifborð í húsa-kynnum fyrirtækisins, hvað þá skrifstofu. Hans hlutverk er að hugsa og leggja línurnar. Lykillinn að velgengi Pálma er að hann getur lyft sér upp úr hinu daglega amstri og hugsað um daginn á morgun. Enda er hann alla tíð að hugsa um framkvæmdir á öllum sviðum.“

Howard Hughes Íslands?

Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur er úr Skagafirðinum eins og Pálmi en kynntist honum þó ekki fyrr en hann var kominn í skóla í Reykjavík. „Það var í rútuferð norðan úr landi, hann var þá á leið suður í Háskólann. Við urðum veðurtepptir á Þórðstöðum í Hrutafirði og tókum spil með bónda. Þá kom í ljós hve yfirvegaður og rólegur Pálmi er. Eftir þá ferð höldum við sam-bandinu, en þó var alltaf svolítil fjarlægð í því. Þegar fundum okkar bar saman var það yfirleitt óvænt, eins og þegar við hittumst eitt sinn á sunnudagsmorgni á 5th Avenue í New York.

Nú er hann orðinn herjans mikill kall í viðskiptum“, heldur Indriði áfram. „Í því sambandi hefur hann alltaf minnt mig á Bandaríkjamanninn Howard Hughes, en um hann var sagt að hann gerði sín stærstu viðskipti á karlaklósettum. Eins og Hughes fer Pálmi þegjandi og hljóðalaust í gegnum lífið og hefur andúð á yfirlæti. Ég veit ekki til þess að hann hafi nokkurn tíma haft skrifstofu. Þessir nýju viðskiptahættir hans, þessi hljóðleiki, leiðir af sér hugsanir og ráð sem aðrir mega ekki vera að hugsa fyrir skrifstofufólki.“

Guðni rektor sagði: „Daglegur rekstur interessar hann ekki mikið, Pálmi er maður hinna stóru plana, ef svo má að orði komast. Hann berst ekki á, bjó t.d. í ósköp venjulegri blokkaribúð lengi eftir að Hagkaupum fór að vaxa fiskur um hrygg. Það er enginn gullfaxastæll á Pálma.“

Mesta kjarabótin

Frá upphafi hefur það verið kjörorð Hagkaupa að bjóða upp á lágt vöruverð. Í upphafi var vitnað í orð ónefnds verkalyðsfrómuðar um að Pálmi Jónsson hefði bætt hag lágláunafólks meira en nokkur annar. Kunningi Pálma tekur í sama streng: „Pálmi hefur efnt til verðsamkeppni á almennum neysluvörumarkaði, en hún var nær engin á árabílinu 1930—70, og fitjað upp á ýmsum nýjungum í verslunarháttum. Með því hefur hann haft meiri áhrif á verðlag en nokkur verðlagsstofnun og bætt kjör almennings meir en flest verkföll. Verðlagið hefur nefnilega ekki bara verið lágt í hans verslunum, það hefur haft áhrif á áðrar verslanir.“

eftir Þröst Haraldsson

mynd: Jim Smart

Jóhann Páll Valdimarsson í bókaforlaginu Íðunni fylgdist vel með viðskiptum Hagkaupa og bóksala í deilunni um bókasölu Hagkaupa fyrir nokkrum árum. Hann segir um Pálma: „Hann er harður bisnismaður, kappsamur og fylginn sér. Það sem kom mér á óvart þegar ég kynntist þeim Hagkaupamönnum var að lágt vöruverð er þeim töluvert hugsjónamál. Ég hafði haldið að þetta væri bara frasi, búinn til í auglýsingaskyni, en hann hefur mun dýpri merkingu. Þeir meina það sem þeir segja. Stundum minnir þetta á heilaga krossferð“.

Indriði kann sögu sem varpar ljósi á eina af ástæðunum fyrir hinu lága vöruverði sem gildir í Hagkaupum. „Þegar Pálmi var að stækka við sig í Skeifunni fékk hann hingað eldri mann frá Englandi sem hafði unnið hjá verslanakeðjunni C&I í London til að skipuleggja verslunina. Þessi maður var vanur að koma upp stórmörkuðum. Í gegnum þennan mann komst hann í samband við aðalbirgðastöð C&I í Belgíu og þaðan fær hann allar þær vörur sem þetta fyrirtæki hefur á boðstólum. Sumt af því sem hann kaupir frá Belgíu er svo ódýrt að ég veit að hann er í vandræðum með að verðleggja það. Það má nefnilega ekki vera of mikill verðmunur, þá verður fólk tortryggt. Svona er Pálmi á fleiri sviðum. Ég man að eitt sinn urðu miklar verðhækkanir á kaffi og sykri. Þá fór Pálmi víða um heim og fann á endanum miklu ódýrari vöru. Það er ljóst að á matvöru sem flutt er hingað inn er svonefnt „fixed-price“, við getum kallað það Íslandsverð. Þetta hefur Pálma tekist að brjóta niður, það er honum sport að komast framhjá þeim aðilum sem bjóða Íslandsprisa“, segir Indriði.

Ekki flokks- pólitíkus, en...

Ekki hefur Pálmi orðið uppvis að afskiptum af opinberum stjórnmálum. „Hann skiptir sér ekki af pólitík, en hefur áhuga á henni eins og svo mörgu öðru“, sagði Guðni rektor. Annar kunningi Pálma segir um hann: „Hann er ekki flokkspólitískur. En hann er áhugasamur um framgang atvinnulífsins og telur einstaklinginn hafa stærra hlutverki að gegna í því en hið opinbera. Það gefur ef til vill nokkra vísbendingu um pólitíska afstöðu hans.“

Þegar talið barst að pólitískum skoðunum Pálma sagði einn þeirra sem haft hefur viðskipti við hann: „Mér finnst honum hætt við að einfalda lífið og tilveruna helst til mikið. Hann skiptir hlutunum af mikið upp í svart og hvítt, komma og kapitalista, þar sem einn er vinur og annar óvinur. En þetta

er allt of algengt — á báða bóga. Andstæðingum hættir oft til að einfalda hvor annan“.

Eins og öllum er kunnugt stóðu Hagkaup nýverið í heilmiklu jógurtstríði sem lyktaði með sigri fyrirtækisins. Þar stóðu Pálmi og félagar uppi í hárinu á samvinnuhreyfingunni og höfðu betur. Indriði setti fram nokkuð glúrna skýringu á því hvers vegna

Pálmi, sem er sonur Jóns á Höfi, mikillar Framsóknarhetju og stuðningsmanns Steingríms Steinþórssonar, setur sig upp á móti kaupfélagsvaldinu:

„Það má vel ímynda sér af hverju Pálma sé ósárt um að slást við kaupfélagsvaldið. Á

sínum tíma hefur eitt af kjörnum þingmannsefnum Framsóknarflokksins verið Jón á Höfi. En hann fékk aldrei að fara á þing“.

PÁLMI JÓNSSON


TJALDASÝNING ÁRSINS

Hústjöld — göngutjöld — sóltjöld. TJÖLDUM ÖLLU SEM TIL ER í dag og næstu daga.



ódýr sænsk og hollensk sól- og
garðhúsgögn
sólstólar,
bekkir,
borð.

Einnig
furuhúsgögn.



seglagerðin

ægi r

Ávallt fyrirbyggjandi.
Mikið úrval af tjöldum,
3ja, 4ra og 5-manna.

Sendum í póströfu.

Eyja götu 7, Orfirisey
Reykjavík símar 14093—13320